

Búnaðarfélagið Bjarmi
Vöðlum 426 Flateyri

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar
Guðmundur Gunnarsson
Bæjarstjóri

10. desember 2019.

Efni: Hækkun fasteignagjalda hjá Ísafjarðarbæ.

Á stjórnarfundum Búnaðarfélagsins Bjarma nýlega var rætt um áformaða hækkun fasteignagjalda hjá Ísafjarðarbæ.

Stjórnin lýsir áhyggjum sínum af fyrirhuguðum hækkunum og sérstaklega þó þeim ráðahag Ísafjarðarbæjar til að milda hækkunina að ætla að lækka holræsagjald og vatnsskatt hjá hluta af gjaldendum.

Eftir því sem best verður séð mun sú lækkunaraðferð ekki nýtast fasteignaeigendum í dreifbýli Ísafjarðarbæjar því þeir reka sínar vatnsveitur og frárennsli sjálfir. Því óskum við hér með eftir því að fundin verði farsæl leið til að jafna stöðu íbúa Ísafjarðarbæjar í þessu máli.

Með von um góðar undirtektir.

f.h. stjórnar Bf. Bjarma

Árni Brynjólfsson form.

Vöðlum